

400 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 18 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Hin kærðu ber að dæma in solidum til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra, hrl. Theódórs B. Lindsals, kr. 300.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Þvi dæmist rétt vera:

Kærður Axel Sigurgeirsson greiði 2000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 60 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærð Sigurjóna Jóhannesdóttir greiði 1000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 35 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærður Hringur Vigfússon greiði 800 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 25 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærður Jóhannes Bjarni Magnússon greiði 400 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 18 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærðu greiði in solidum allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Theódórs B. Lindsals, kr. 300.00.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 24. marz 1944.

Nr. 58/1943. **Jóhann Indriðason** (Sigurður Ólason)
gegn

Ingimar Jónssyni (Einar Ásmundsson).

Setudómari hrl. Jón Ásbjörnsson
í stað próf. Ísleifs Árnasonar.

Bætur vegna galla á seldri bifreið.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 9. júní f. á., gerir þær kröfur: Aðallega að hann verði sýknaður af kröfum stefnda, en til vara að dæmd fjárhæð verði lækkuð. Svo krefst hann og málskostnaðar fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Það kom bráðlega í ljós eftir að áfrýjandi keypti bifreið þá, sem í málinu greinir, að hún reyndist illa og varð oft að koma henni til viðgerðar. Með bréfi dags. 20. okt. 1942 kvartaði áfrýjandi undan þessu og taldi bifreiðina ónýta og að sér hefði verið gefnar rangar og villandi upplýsingar við kaupin. Í bréfi þessu var ekki að því vikið, að bifreiðin væri eldri og minni en greint var í skoðunarovottorði því, sem áfrýjanda var afhent með henni við kaupin, og bendir það til þess, að áfrýjanda hafi þá ekki verið um þetta kunnugt. Nokkru síðar sneri áfrýjandi sér til bifreiðaeftirlits ríkisins, og kom þá upp, að skoðunarovottorðið hafði verið falsað á þann hátt, að aldur bifreiðarinnar var talinn frá 1935, í stað 1932, og hún var talin bera 3000 kg í stað 2000 kg. Áfrýjandi sendi þann 17. nóv. s. á. kæru um fölsunina til sakadómara, en við réttarrannsókn hefur ekki tekizt að leiða í ljós, hver að henni er valdur, enda hafði bifreiðin oft gengið kaupum og sölum undanfarin ár.

Samkvæmt því, sem nú var lýst, verður að telja, að áfrýjandi hafi borið í tæka tíð fyrir sig þá galla bifreiðarinnar, að hún var eldri og hafði minna burðarmagn en honum hafði verið gefið til kynna, sbr. 52. gr. laga nr. 39/1922.

Dómkvaddir menn hafa kveðið upp það álit, að 11 þús. kr. verð 3ja smálesta bifreiðar frá 1935 samsvari í ágúst 1942 7000 kr. verði 2ja smálesta bifreiðar frá 1932. Verður að leggja álit þetta til grundvallar dómi í málinu. Þykir áfrýjandi því eiga rétt til 4000 kr. afsláttar af kaupverði bifreiðarinnar, sbr. 42. gr. laga nr. 39/1922. Ber þá að dæma áfrýjanda til að greiða stefndum kr. 2000.00, með 6% ársvöxtum frá 15. sept. 1942 til greiðsludags, og á stefndi sjálfsvörzluveð í greindri bifreið fyrir fjárhæðum þessum.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, Jóhann Indriðason, greiði stefnda, Ingimar Jónssyni, kr. 2000.00 með 6% ársvöxtum frá 15. sept. 1942 til greiðsludags, og á stefndi sjálfsvörzluveð í bifreiðinni R 1780 fyrir fjárhæðum þessum.

Málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 24. maí 1943.

Mál þetta, sem dómtekið var 21. þ. m., hefur Ingimar Jónsson skólastjóri, Vitastig 8 A hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 12. jan. s. l. gegn Jóhanni Indriðasyni, Bergstaðastræti 6 A hér í bænum, til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 6000.00, ásamt 6% ársvöxtum af kr. 2000.00 frá 15. sept. 1942 til greiðsludags, af kr. 2000.00 frá 15. okt. 1942 til greiðsludags og af kr. 2000.00 frá 15. nóv. 1942 til greiðsludags og enn til greiðslu málskostnaðar eftir reikningi eða mati réttarins. Auk þessa krefst stefnandi viðurkenningar á veðrétti sínum í bifreiðinni R 1780 fyrir stefnukröfunum.

Stefndur hefur aðallega krafizt sýknu og málskostnaðar, en til vara, að skuldajafnað verði við dómkröfur stefnanda skaðabóta-kröfum sínum á hendur stefnanda og hinum upphaflega eiganda skuldarinnar.

Aðiljar hafa fyrirfram samið svo um, að mál þetta skuli ekki leggja fyrir sáttamenn.

Stefnandi byggir kröfur sínar á skuldabréfi, er stefndur gaf út hinn 1. ágúst 1942 til Lárusar Ingimarssonar, sem framseldi stefnanda það með áritun dags. 29. des. 1942. Með bréfi þessu veðsetti stefndur skuldareiganda ofangreinda bifreið til tryggingar skuld-inni, og sést af bréfinu, að þinglýsing þess hefur farið fram í tæka tíð.

Stefndur hefur byggt sýknukröfu sína á því, að hann hafi verið beittur svikum í sambandi við útgáfu hins umrædda skuldabréfs, og lýsir þeim atvikum svo: Í Morgunblaðinu 28. júlí f. á. var birt auglýsing um, að 3 tonna vörubíll, nýstandsettur og skoðaður, væri til sýnis og sölu á Vitatorgi þann dag. Er stefnandi kom þangað, reyndist þetta vera bifreiðin R 1780, og kom Lárus Ingimarsson fram sem eigandi hennar. Varð það síðan úr, að stefndur keypti bifreið þessa fyrir kr. 11000.00, greiddi 5000 kr. í peningum og gaf út framangreint skuldabréf fyrir afganginum, en seljandi undirritaði samdægurs afsal fyrir bifreiðinni. Með bifreiðinni fylgdi vottorð bifreiðaskoðunar ríkisins og stóð í því meðal annars, að tegund bifreiðarinnar væri Studebaker 1935 og burðarmagn hennar 3000 kg. Hinn 17. nóv. s. l. ritaði stefndur sakadómaranum í Reykjavík og skýrir honum þar frá því, er nú hefur sagt verið og heldur áfram skýrslu sinni á þá leið, að strax er hann fór með bifreiðina til

vinnu, hafi komið í ljós, að burðarþol hennar var miklu minna en tilfært var á skoðunarvottorðinu. Hafi hann þá snúið sér til útgefanda vottorðsins, og þá orðið þess vísari, að ártalinu hafi verið breytt úr 1932 og burðarmagni úr 2000 kg. Mæltist stefndur til þess, að sakadómari léti fram fara rannsókn út af þessum fölsunum og öðru misferli, er hann taldi seljanda bifreiðarinnar hafa gerzt sekan um, en ekki hefur verið haft uppi í máli þessu. Rannsókn sú, er fram fór út af þessu, liggur frammi í máli þessu, en af henni verður ekki séð, að seljandi hafi haft svik í frammi við biðreiðasöluna, né heldur hefur það sannast í máli þessu, og verður stefndur ekki sýkn dæmdur á þeim grundvelli.

Stefndur hefur byggt varakröfu sína á því, að það hafi verið ákvörðunarástæða af sinni hendi fyrir kaupunum, að burðarmagn bifreiðarinnar væri 3 tonn, og hafi seljanda átt að vera það ljóst. Auk þess hafi allt ástand bifreiðarinnar verið stórum lélegra en gengið var út frá við kaupin. Styðzt hann um það við matsgerð tveggja dómkvaddra manna, er fram fór í janúar s. l., og álitserð sömu manna, en án útnefningar, dags. í marz. Krefst stefndur bóta vegna þessara galla og greinir þær í afslátt af kaupverði bifreiðarinnar vegna mismunar burðarmagns, viðgerðarkostnað, er hann kveður hafa numið a. m. k. kr. 3000.00, og loks atvinnutjón, er stafi af tíðum bilunum bifreiðarinnar. Stefndur hefur ekki tiltekið fjárhæð bóta þessara öðruvísi en svo, að hann krefst skuldajafnaðar við kröfur stefnanda, en kveðst munu stefna siðar til innheimtu eftirstöðva þeirra. Gagnkröfur þessar telur stefndur sig geta haft uppi í máli þessu, þar eð stefnanda hafi frá byrjun verið kunnugt um það, hvernig kaupin fóru fram.

Stefnandi hefur gegn þessu haldið því fram, að stefndur hafi glatað rétti sínum til að bera þessa galla fyrir sig, þar eð hann hafi þegar er hann tók að nota bifreiðina orðið gallanna var, samkvæmt því er segir í bréfi stefnds til sakadómara, er áður greinir, en hafi hins vegar á engan hátt gefið seljanda til kynna, fyrr en með framangreindri kæru, 17. nóv. s. l., að hann ætlaði að bera fyrir sig gallana. Auk þess sé það tekið fram í afsalínu fyrir bifreiðinni, að stefndur hafi kynnt sér ástand hennar, og geti því þegar af þeirri ástæðu ekki byggt neinn rétt á því.

Þykir verða að fallast á það með stefnanda, að stefndur hafi með aðgerðarleysi sínu firrt sig rétti þeim, er hann annars kynni að hafa átt á hendur skuldareiganda vegna galla á hinum selda hlut, og verður varakröfu stefnds ekki sinnt þegar af þeirri ástæðu, en í annan stað þykir stefndur ekki hafa fært fram fullnægjandi sannanir um tjón það, er hann telur sig hafa beðið af bifreiðarkaupunum, til þess að kröfur hans séu svo ljósar, að unnt væri að leggja dóm á þær, enda hefur áður nefndum álit- og matsgerðum verið mótmælt af hálfu stefnanda sem röngum og óstaðfestum, auk þess

að hvorki var stefnanda né seljanda bifreiðarinnar gefinn kostur á að vera viðstaddur matsgerðina.

Málalok verða þau, að kröfur stefnanda verða allar teknar til greina, þar á meðal vaxtakrafa, sem hefur ekki sætt sérstökum mótmælum.

Málskostnaður þykir hæfilega ákveðinn kr. 600.00.

Kristján Kristjánsson, settur lögmaður, kvað upp dóm þenna.

Þvi dæmist rétt vera:

Framangreindur veðréttur viðurkennist.

Stefndur, Jóhann Indriðason, greiði stefnanda, Ingimar Jónssyni, kr. 6000.00 með 6% ársvöxtum af kr. 2000.00 frá 15. september 1942 til greiðsludags, af kr. 2000.00 frá 15. október 1942 til greiðsludags og af kr. 2000.00 frá 15. nóvember 1942 til greiðsludags og kr. 600.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 27. marz 1944.

Nr. 60/1943. Þorsteinn Bernharðsson (Gústav A. Sveinsson)
gegn

Borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs (Einar B. Guðmundsson).

Fébotakrafa á bæjarsjóð Reykjavíkur vegna meiðsla, er aðili taldi sig hafa hlotið vegna galla á gangvegi í sundhöllinni.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 28. júní f. á., krefst þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 4954.18 ásamt 6% ársvöxtum frá 10. des. 1942 til greiðsludags svo og málskostnað fyrir héraðsdómi og hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Það eru ekki leiddar sönnur að því í máli þessu, að gerð gólfsins umhverfis sundlaugina í sundhöll Reykjavíkur hafi verið ábótavant. Þá er og ekkert komið upp um það, að skort hafi á umsjón eða varúðarráðstafanir af hendi starfs-